



Reykjavík, 21. ágúst 2025
USK25040183

Hlíðarendi 6-10 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 12. júní 2025 var lögð fram fyrirspurn Knattspyrnufélagsins Vals, dags. 9. apríl 2025, um breytingu á auglýsingarflötum á auglýsingaskilti á lóð nr. 6-10 við Hlíðarenda, samkvæmt uppdr. COWI, dags. 31. október 2025. Einnig er lögð fram greining COWI á umferðaróhöppum vegna auglýsingastanda, útgáfa 3, dags. 28. október 2024.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Götumynd, tekin af Já.is. Hér sést að búið er að koma fyrir stafrænu skilti.

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Hlíðarenda 6-10 borgarhluta 3 Hlíðar og er hluti af Opnu svæði, OP29 íþróttasvæði innan hverfa.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir íþróttasvæði Vals, samþykkt í borgarráði 15. júlí 2003, ásamt síðari breytingum. Um auglýsingaskilti er fjallað í deiliskipulagi, þó ekki tilgreint hvort að heimilað sé að vera með stafrænt skilti.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að fá að koma fyrir stafrænu auglýsingaskilti í stað flettiskiltis á horni lóðarinnar að Hlíðarenda 6-10. Skiltið er á lóð íþróttafélagsins Vals.

Í kafla 3.6 í samþykkt um skilti í Reykjavík segir:

Leyfilegt er að setja upp ný stafræn auglýsingaskilti sem eru stærri en 10m² ef að fyrir sé sambærilegt skilti s.s. fléttiskilti, eða ef deiliskipulag heimili slík skilti. Slík skilti mega þó ekki vera nær vegbrún gatnamóta, götu eða vegvísun og öðrum umferðarbúnaði en 20m. Byggingarfulltrúa er heimilað að veita undanþágu frá þeirri reglu ef um er að ræða skóla, íþróttafélög eða aðrar sambærilegar stofnanir en þau skilti skulu fylgja reglum þessarar samþykktar.

Umrætt skilti er vissulega nær vegbrún en 20 m, nálægast er það um 17 m frá vegbrún.




Engar stærðir fyrir skiltið eru teiknaðar upp á uppdrætti dags. 31. október 2024. Flettiskiltið sem samþykkt var af byggingarfulltrúanum í Reykjavík þann 13. júlí 2000 hefur þrjár hliðar, hver hlið 6.4 m x 4.26 m, þ.e. 27,26 m². Hæð flettiskiltisins frá jörðu er 4.26 m auk 4 m súlu, enda er um frístandandi skilti að ræða.

Í samþykkt um skilti í Reykjavík segir um hæðir frístandandi skilta:

Mesta hæð skiltis eða frístandandi skiltastands skal ekki vera hærri en þakbrún nærliggjandi húsa nema annað sé heimilt í skipulagi. Mesta hæð skiltis eða skiltastands má þó aldrei vera hærri en 8m miðað við gólfkóta 1. Undantekning er ef um er að ræða kennimerki (logo) fyrir þá starfsemi sem er í húsinu, s.s. íþróttafélag og er sannarlega hluti af hönnun hússins, hámarkshæð 1m yfir þakskeggi, hámarksfjöldi kennimerki á mannvirki er einn, hámarksstærð 1m².

Í skýringu á uppdrætti dags. 31. október 2024 segir þó:

Núverandi skilti skv. samþykkttri teikningu frá 22. 08. 2000 (sjá fylgiskjal), verður breytt til samræmis við kafla 4.8 í samþykkt um skilti í Reykjavík útg. 2020 þar sem tilgreint er að hámarksstærð skiltis sé 8 m og hámarksstærð 25 m².



Niðurstaða

- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við að umsækjandi sækir um byggingarleyfi fyrir framkvæmdinni. Þó að skiltið sé nær götubrún en 20 m hefur byggingarfulltrúi heimild til að veita undanþágu frá þeirri reglu þar sem um er að ræða skilti á lóð íþróttafélags.



Reykjavík



Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar
verkefnastjóri